



Líffræðingur óskast

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í náttúrufræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fuglarannsóknnum er kostur
- Þekking á náttúrufræði starfssvæðisins er æskileg
- Vilji og geta til þátttöku í vettvangsferðum fjarri heimili
- Færni í greiningu og framsetningu gagna
- Samviskusemi, frumkvæði og metnaður til að sýna árangur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta



Náttúrustofa Norðausturlands óskar eftir að ráða líffræðing til starfa. Um er að ræða fullt starf sem felur í sér vinnu utandyra við gagnaöflun og á skrifstofu við úrvinnslu gagna. Starfið er tímabundið til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Náttúrustofan er staðsett á Húsavík og hjá henni starfa nú fimm starfsmenn á ársgrundvelli, auk sumarstarfsmanna. Fuglarannsóknir eru helsta sérvið stofunnar. Önnur helstu viðfangsefni tengjast m.a. rannsóknum í vatnalíffræði, gróðurannsóknnum og náttúruvernd. Þar sem um litla stofnun er að ræða þarf viðkomandi að geta sinnt fjölbreyttum verkefnum.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Náttúrustofu Norðausturlands og Félags íslenskra náttúrufræðinga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní 2023.

Umsókn skal fylgja ferilskrá, meðmæli og kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna umsækjandi vill starfa á Náttúrustofu Norðausturlands og hvað hann hafi fram að færa.

Umsókn sendist á netfangið nna@nna.is eða alfred.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2023.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumaður (s: 4645110, lindi@nna.is).